



Reykjavík 11.03.2021

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 10. mars 2021 varðandi eftirfarandi mál.

Sæmundargata 15-19

Lögð fram umsókn Pálmars Kristmundssonar dags. 25. janúar 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, Vísindagarða, vegna lóðarinnar nr. 15-19 við Sæmundargötu. Í breytingunni felst að samsíðastæðum í Ingunnargötu er breytt í stæði hornrétt á akstursstefnu, samkvæmt uppdr. PK Arkitekta ehf. dags. 10. janúar 2021. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 25. febrúar 2021.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.


*Synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 25. febrúar 2021 með fjórum greiddum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.
Vísao til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs



Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjöl: uppdr. PK Arkitekta ehf. dags. 10. janúar 2021 og umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 25. febrúar 2021.

DEILISKIPULAGSBREYTING - HÁSKÓLI ÍSLANDS, VÍSINDAGARÐAR



HLUTI GILDANDI DEILISKIPULAG MKV. 1:2000 Birt í B-deild Stjórnartíðinda xx.xx.xxx.



TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI (hluti) MKV. 1:2000

Deiliskipulag í gildi

Upphaflegt deiliskipulag Vísindagarða var birt í B-deild Stjórnartíðinda 28.07.2001. Þann 2.12.2016 birtist í B-deild stjórnartíðinda breyting þar sem skipulagssvæðið var stækkað, lóðir sameinaðar ofl. Breytt deiliskipulag vegna bílastæða o.fl. var birt í B-deild Stjórnartíðinda 19.06.2019. Breytt deiliskipulag vegna bílaramps á lóð Sæmundargötu 15-19 var birt í B-deild Stjórnartíðinda XX.XX.XXXX og breyting þar sem byggingareitir inndreginna þakhæða eru sameinaðir, var samþykkt í B-deild Stjórnartíðinda XX.XX.XXXX.

Breytt deiliskipulag

Breytt deiliskipulag tekur til lóðarinnar Sæmundargata 15-19 (reitur A)

Breytingar eru eftirfarandi:
Samsíðastæðum í Ingunnargötu er breytt í stæði hornrétt á akstursstefnu.

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

SKÝRINGAR	
Mörk breytinga	---
Mörk heildardeiliskipulagssvæðis	---
Byggingarreitur	---
Byggingarreitur inndreginnar þakhæðar	---
Byggingarreitur kjallara/bílakjallara	---
Ný lóðarmörk	---
Götukóti	G = 6,0 leiðbeinandi
Gólf jarðhæðar	GK = 5,7 leiðbeinandi
Leiðbeinandi staðsetning bílastæða	P
Sérstök reiðhjólasterði	HP
Fjöldi hæða	H: 2-7
Auðkenni reita	A-M
Byggingarreitur bílarampa (leiðbeinandi)	---

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt

Í/á _____ þann _____ 20__.

Tillagan var grenndarkynnt frá _____ 20__ með

athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild

Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

PK ARKITEKTAR

BRAUTARHOLT 4 105 REYKJAVÍK
Sími 5518050 / 8997097
www.pk.is

VERKEFNI
Háskóli Íslands, Vísindagarðar, Reykjavík

TEGUND TEIKNINGAR
DEILISKIPULAG MKV. A3
1:2000/A3

HEITI TEIKNINGAR
DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR HANNAÐ
PKA
TEIKNAD
PKA
YFIRFARID
PK
DAGS.
10.01.2021

VERK NR. 2012 TEIKNINGA NR. 06-02 ÚTGÁFA



Búið er að samþykkja áform um viðbyggingu við Alvotech og vilja lóðarhafar sækja um breytingu á deiliskipulagi til að breyta aftur stefnu bílastæða Ingunnargötu til fyrra horfs fyrir framan viðbygginguna, hafa þau hornrétt í stað samsíða bílastæða. Bílastæðakjallari er undir viðbyggingu og nokkur bílastæði eru fyrir bíla undir núverandi byggingu.

Með breytingu stefnu bílastæða og þar með fjölgunar verður bílastæðapörf Alvotech með því móti að stórum hluta uppfyllt ofanjarðar. Er það stefnubreyting frá síðustu heildarendurskoðun deiliskipulags Vísindagarða frá árinu 2016 þar sem eitt af markmiðum þess var að fækka bílastæðum á yfirborði. Ekki er tekið undir ósk lóðarhafa um fjölgun bílastæða á yfirborði vegna þessa. Bent er á að hægt er að uppfylla bílastæðapörf sem upp á vantar með samningum við aðra lóðarhafa Vísindagarða í samræmi við heimild í deiliskipulagsbreytingu frá árinu 2019.

Niðurstaða:

Neikvætt. Fjölgun bílastæða á yfirborði er stefnubreyting frá síðustu heildarendurskoðun deiliskipulags.

f.h.

Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hildur Gunnarsdóttir arkitekt FAÍ, verkefnastjóri.

Vakin er athygli á Gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1193/2016 vegna kostnaðar við skipulagsvinnu o.fl.